

Aðalfundur
Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. fyrir árið 2014

Fundurinn var haldinn á skrifstofu Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar, Skógarbraut 946 Ásbrú, Reykjanesbæ, þann 28. maí 2015 og hófst kl. 14:00.

Mættir eru: Hafsteinn S. Hafsteinsson fyrir hönd hluthafa, Sigurður Kári Kristjánsson, stjórnarformaður, Fjóla Hrund Björnsdóttir, stjórnarmaður, Sigrún Árnadóttir, stjórnarmaður, Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri og Anna Steinunn Jónasdóttir, aðstm.framkvæmdastjóra sem jafnframt ritaði fundargerð.

Þar sem hluthafi er einn voru eftirfarandi ákvarðanir teknar skv. 59. gr. laga um einkahlutafélög nr. 138/1994 og eru þær bókaðar í fundargerðabók félagsins.

Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra.
2. Staðfesting ársreiknings 2014.
3. Kosning stjórnar.
4. Kosning endurskoðunarfélags.
5. Ráðstöfun á hagnaði/tapi, greiðslum á arði og framlög í varasjóð.
6. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna.
7. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur mál sem löglega eru upp borin.

Fundi framhaldið frá aðalfundi.

1. Skýrsla stjórnar.

Skýrsla stjórnar lögð fram og samþykkt.

2. Staðfesting ársreiknings 2014.

Hagnaður ársins var kr. 133.646.646,- og niðurstaða efnahagsreiknings kr. 8.974.498.458. Engar umræður fóru fram um ársreikninginn og var hann staðfestur.

3. Kosning stjórnar.

Eftirtaldir aðilar voru kjörnir í stjórn félagsins:
Sigurður Kári Kristjánsson, kt. 090573-3149, Melhaga 16, 107 Reykjavík,
Fjóla Hrund Björnsdóttir, kt. 150588-2789, Þrúðvangi 7, 850 Hellu.
Sigrún Árnadóttir, kt. 271060-7269, Miðnestorgi 3, 245 Sandgerði

Til vara var kjörinn:

Þórhallur Arason, kt. 250447-3379, Brekkubyggð 26, 210 Garðabæ

4. Kosning endurskoðunarfélags.

Ríkisendurskoðun annast endurskoðun fyrir félagið sbr. 2. mgr. 19. gr. samþykkt félagsins.

5. Ráðstöfun á hagnaði/tapi, greiðslum á arði og framlög í varasjóð.

Tillaga var um að greiða hvorki arð né nein framlög í varasjóð og að hagnaður ársins yrði fluttur til næsta árs. Það var samþykkt.

6. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna.

Ákveðið er fyrir starfsárið 2015 að laun formanns verði óbreytt frá fyrra ári kr. 270.000,- á mánuði, laun annarra stjórnarmanna kr. 135.000,- á mánuði og laun varamanna kr. 40.500,- fyrir hvern fund.

7. Önnur mál löglega fram borin.

Engin önnur mál voru tekin fyrir. Fundi var slitið kl. 14.50.

Anna Steinunn Jónasdóttir, fundarritari.